



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

## STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS ARNARHVOLL, 3. HÆÐ ENDURBÆTUR

### SKILAGREIN

ÁGÚST 2014



## EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNT UM SKILAGREINAR .....</b>	<b>3</b>
<b>0 INNGANGUR .....</b>	<b>3</b>
<b>1.0 UNDIRBÚNINGUR .....</b>	<b>3</b>
1.1 Lýsing framkvæmdar .....	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð .....	3
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	3
<b>2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD .....</b>	<b>4</b>
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	4
2.2 Framvinda .....	4
2.3 Eftirlit og úttektir .....	4
<b>3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....</b>	<b>4</b>
3.1 Heildarkostnaður.....	4
<b>4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>4</b>
4.1 Árangur framkvæmdarinnar .....	4
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	4

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

## 0 INNGANGUR

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir framkvæmdum viðhaldsverkefna í húsnæði Stjórnarráðs Íslands í Arnarhvoli við Lindargötu, á 3. hæð, sem framkvæmdar voru á árinu 2013.

Í húsnæðinu eru skrifstofur fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Verkkaupi var forsætisráðuneytið.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Verkefnastjórar voru Jón H. Ásbjörnsson og Ívar Már Markússon.



Arnarhvoli við Lindargötu.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing framkvæmdar

Minniháttar framkvæmdir fóru fram á 3. hæð Arnarhvals. Um var að ræða viðhaldsverkefni sem fólst í málun veggja og glugga, lökkun parketgólfa og hreinsun og bónun annarra gólfa.

### 1.2 Frumathugun

Um er að ræða smáar framkvæmdir í skrifstofum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Frumathugun var ekki unnin vegna smæðar verkefnis. Unnið var kostnaðarmat vegna vegna framkvæmdar.

### 1.3 Áætlunargerð

#### Hönnun

Verklýsing og útboðsgögn voru útbúin af FSR.

#### Ráðgjafar

Haft var samráð við forsætisráðuneytið.

### 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Áætlaður kostnaður við verklegan hluta framkvæmdirnar var 6.500.000 kr. en ekki var gerð áætlun um hönnun, umsjón, eftirlit og hugsanleg aukaverk.

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Gerð var verðkönnun á meðal fjögurra verktaka í verkið og skiluðu tveir þeirra inn tilboði. Niðurstöður verðkönnunar voru eftirfarandi:

Niðurstöður	kr.	
Maggi og Daði ehf	5.984.850	92%
Atafl ehf	10.410.450	160%
Kostnaðaráætlun	6.500.000	100%

Þann 20. júlí 2012 var tilboði Málara Magga og Daða ehf. tekið, að fjárhæð 5.984.850 kr. með vsk. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

### 2.2 Framvinna

Framkvæmdir við verkið hófust 16. júlí. Verkið var ekki umfangsmikið og flækjustig lítið. Áætluð verklok voru 24. ágúst.

Verkframtæmdum lauk 10. ágúst.

### 2.3 Eftirlit og úttektir

Framkvæmdir tókust í alla staði vel og gæði verks urðu eins og að var stefnt. Góð samskipti voru milli verktaka og eftirlits.

Eftirlit með framtæmdum hafði Ívar Már Markússon, verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins.

## 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

### 3.1 Heildarkostnaður

Framkvæmdakostnaður var samningsverð 5.984.850 kr., að viðbættum magnbreytingum 525.000 kr. og aukaverkum 300.000 kr. Umsjón og eftirlit var 848.480 kr. og og rekstur á framtæmdatíma 316.025 kr.

Heildarkostnaður verksins nam því samtals 8.272.800 kr. sem segja má að hafi verið innan áætlunar þegar tekið hefur verið tillit til annars kostnaðar en beins framtæmdakostnaðar. Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.

## 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

### 4.1 Árangur framtæmdarinnar

Gæði verksins urðu eins og að var stefnt. Tímaáætlun stóðst. Verktilboð var hagstætt.

Niðurstaðan í heild er að verkið hafi tekist vel.

### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagreina fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri